


Fundargerð 55. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 15. maí 2020, kl. 10:30 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945 í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásgeir Eiríksson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Kristín Vala Matthíasdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir og Berglind Kristinsdóttir

Forföll: Sigrún Elefsen

Starfsmenn: Daníel Einarsson & Þuríður Aradóttir Braun

- 1. Umbótaáætlun Reykjanes Geopark í framhaldi af úttekt 2019. – frá síðasta stjórnarfundi.**  
Drög að umbótaáætlun lögð fyrir stjórn. Daníel fór yfir helstu liði og útfærslur á verkefnum. Helstu verkefni snúa að sýnileika jarðvangsins og upplýsingagjöf í gegnum kynningarefni og skilti og uppfærslu á gestastofu jarðvangsins sem upplýsinga- og fræðsluvettvangs. Fyrirtæki á svæðnu hafa óskað eftir að fá að setja upp upplýsingaskilti um jarðvanginn. Stjórn jarðvangsins fagnar því að finna fyrir áhuga fyrirtækja á svæðinu. Stjórn jarðvangsins samþykkir umbótaáætlunina og verkefnastjóra falið að vinna áfram að verkefnum sem þar koma fram.
- 2. Friðlýsing Brennisteinsfjalla – til upplýsinga**  
Nýleg friðlýsing Brennisteinsfjalla kynnt fyrir stjórn. Brennisteinsfjöll eru jarðvættir í Reykjanes jarðvangi.
- 3. Hagræn áhrif með nýtingu og umsjón friðlýstra svæða – aðgerð C9 Byggðaáætlunar**  
Verkefnið kynnt fyrir stjórn. Stjórn jarðvangsins lýsir yfir áhuga fyrir verkefninu og að fá að leiða verkefnið. Verkefnastjóra falið að vinna málið áfram og undirbúa umsókn í samvinnu við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- 4. Aukið fjármagn til Reykjanes Geopark og verkefna RGP**  
Daníel kynnti þær fjárveitingar sem úthlutað hefur verið til verkefna á vegum jarðvangsins. Stjórn fagnar því að fjármagn komi inn svo verkefni jarðvangsins fái framgang.
- 5. Sóknaráætlun 2020-2024 – samþykkt áhersluverkefni – Reykjanes Geopark**  
Daníel kynnti áhersluverkefnin sem vinna á samhliða umbótaáætluninni sem kynnt var í lið 1 og hafa fengið stuðning úr Sóknaráætlun 2020-2024. Meðal verkefna er að vinna upp kynningarefni fyrir svæðið, stjórnunaráætlun fyrir jarðvanginn, kortleggja og skilgreina útivistarsvæði og uppfæra forgangslista fyrir uppbyggingu áningarstaða. Stjórn lýsir yfir ánægju með verkefnin og fela verkefnastjóra að vinna þau áfram í samstarfi við sveitarfélögin og hagaðila.

 KVM  
AS  
HMC

6. **Framkvæmdarsjóður Ferðamannastaða – Vinnsla umsókna og möguleg verkefni**  
Verkefnastjóra falið að vinna að samantekt og uppfærslu verkefnalista til umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Landsáætlun í samræmi við umræðu verkefna við lið 5.
7. **Framkvæmdir við Brimketil – til upplýsinga**  
Framkvæmdir hefjast fljótlega við Brimketil og verktakar og aðrir tilbúnir til verksins. Framkvæmdirnar snúa að því að gera úrbætur á öryggisatriðum við Brimketil og eru styrktar af Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða. Þá var einnig rætt um ástand svæðisins eftir veturinn og mikilvægi þess að verklag og rekstur svæðanna sé skýrt. Verkefnastjóra falið að vinna drög verklagi og þjónustusamningum fyrir staðina í samstarfi við sveitarfélögin og hagaðila.
8. **Glaðningur**  
Stjórnarmenn fengu að gjöf nýja bók um Reykjanesið sem Reykjanes Geopark gaf út. Þá var bókin kynnt stuttlega og hvernig dreifingu hennar verður háttað til að byrja með.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40.

Fundargerð ritaði: Þuríður Aradóttir

*Þuríður Aradóttir*  
*Berglind Knútsdóttir*  
*Judrun Hannay*  
*Jóhanna Jóhanna*  
*Kristín Vala Matthíasd.*  
*Hanna María Knógsdóttir*  
*Pisuvá*  
*Án Sigrún*